

Nd.

52. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum nr. 28, 22. okt. 1912, um breytingu á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Flutningsm.: Sveinn Ólafsson, Björn Stefánsson, Bjarni Jónsson frá Vogu.

Í staðinn fyrir »á Austurlandi« í fyrstu málsgr. komi:
í Suður-Múlasýslu.

Ástæður:

Ágreiningur hefir um það orðið eystra, hvort útbú Landsbankans skuli sett á stofn á Seyðisfirði eða í Suður-Múlasýslu. Út af því skal þetta fram tekið:

1. Kaupmenn og útvegsmenn eru hvarvetna á landinu stærstu viðskiftamenn banka, og með því að sjávarútvegur og verslun er miklu meiri í Suður-Múlasýslu en í Norður-Múlasýslu — hvað þá heldur en á Seyðisfirði einum — verður að álíta verkvið banka meira í Suður-Múlasýslu en nyrðra.
2. Með því að setja bankann í Suður-Múlasýslu, verða bankaviðskifti auðveldari en áður fyrir fjölda manna, og gildir það einkum um Sunnmýlinga og Skaftfellinga, en hins vegar er með útbúi Íslandsbanka á Seyðisfirði löngu bætt úr þörf þess kaupstaðar og allra næstu hreppa Norður-Múlasýslu.
3. Landshættir austanlands, vondir vegir, há og brött fjöll, snæpakinn oft $\frac{2}{3}$ ársins, torvelda öll viðskifti sveita á milli og gera öll ferðalög dýr og erfið. Þess vegna miklu eðlilegra, að útbúum sje dreift en að setja þau á einn stað.
4. Viðskifti Fljótsdalshjaraðs, sem nær eingöngu voru við Seyðisfjörð, þegar lög um stofnun landsbanka 1885 komu út, eru nú að mestu leyti komin til Reyðarfjarðar, og uppsveitunum því ljettari bankaviðskifti í Suður-Múlasýslu en á Seyðisfirði.